

Fyrirkomulag við verkefnið betri plön í Eyja og Miklaholtshrepp.

Verkefnið stendur yfir í allt að 3 ár og þeir sem eiga kost á að vera með eru öll hús þar sem íbúar eru með skráð lögheimili í sveitarfélaginu. Innan þess tíma geta íbúar óskað eftir þátttöku sveitarfélagsins við að betrumbæta plan við hús hjá sér.

- Sveitarfélagið kemur þá með hellur, eins allstaðar
- Sveitarfélagið kostar lagningu þeirra, kemur með mann ef með þarf en ef íbúar vilja sjá um verkið sjálfir koma þeir með reikning fyrir verkinu þegar því er lokið en aldrei hærra en viðmiðunarverð sveitarfélagsins
- Sveitarfélagið skaffar efsta lagið (fína) undir hellurnar.
- Sveitarfélagið greiðir fyrir allt að 100 fermetra, bílaplan og gangstíg að einum dyrum.
- Íbúar kosta og láta gera jarðvegsskipti ef þess þarf, sveitarfélagið bendir á verktaka ef þess gerist þörf.
- Þeir sem eru búnir að gera plön fá greitt samkvæmt viðmiðunum sveitarfélagsins.

Hlutverk húseiganda:

Jarðvegsskipti:

- Frostfrítt efni, mül, hafa góðan burð og vera um 100 cm á dýpt.
- Ná 50-100 cm út fyrir hellulögn.
- Mölina þarf að þjappa í lögum með jarðvegsþjöppu.

Hlutverk sveitarfélagsins:

Hellulögn:

- Sanda undir hellulögn með grófum sandi, um 5 cm
- Þjappa og slétta
- Helluleggja

Frágangur:

- Steypa með hellulögn, grafið er niður með jöðrum hellulagnar um 15x15 cm og steypit í hann.
- 12 cm kambstál er síðan ýtt ofan í steypuna.

24. Júní 2009